



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 17.11 2020  
Tilvísun: 202011-0028

**Efni: Mál nr. 48. mál. Tillaga til þingsályktunar um aukin atvinnuréttindi útlendinga.**

Alþýðusamband Íslands telur æskilegt að taka til heilstæðrar endurskoðunar ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga á Íslandi og er reiðubúið, nú sem fyrr, til þess að taka þátt í starfi þar að lútandi. ASÍ vill gjalda varhug við því blanda um of saman umræðu um rétt fólks til þess að fá hér landvist á grundvelli alþjóðlegrar verndar eða af mannúðarástæðum og sjónarmiðum um atvinnuréttindi útlendinga. Um réttindi fólks til verndar gilda sérstök sjónarmið sem Íslands er bundið við að þjóðarrétti og sem mikilvægt er að skilja frá umræðu um þörf íslensks samfélags fyrir þekkingu og vinnuframlag og frjálsan búsetu og atvinnurétt óháð landamærum.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Magnús M. Norðdahl', is written over a light blue circular watermark that contains the letters 'ASI'.

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.